

Fundargerð

Auka aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands haldinn föstudaginn 06. mars 2015, kl. 14:00 á Fosshóteli (Franska spítalanum) á Fáskrúðsfirði.

Mættir: Stefán Bragason fh. Fljótsdalshéraðs, Páll Bj. Guðmundsson fh. Fjarðabyggðar, Vilhjálmur Jónsson fh. Seyðisfjarðarkaupstaðar, Ólafur Áki Ragnarsson fh. Vopnarfjarðarhrepps, Gunnþórunn Ingólfadóttir fh. Fljótsdalshrepps, Jón Þórðarson fh. Borgarfjarðarhrepps, Svandís Ingólfadóttir fh. Breiðdalshrepps, Gauti Jóhannesson fh. Djúpavogshrepps og Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður Skólaskrifstofu Austurlands.

Dagskrá:

1. Setning

Formaður Skólaskrifstofu Austurlands Jón Þórðarson setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og gekk síðan til dagskrár.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Lögð var fram tillaga um Jón Þórðarson sem fundarstjóra og Sigurbjörn Marinósson sem fundarritara og var það samþykkt samhljóða.

3. Samningur SKA borinn upp til samþykktar og undirritunar

Formaður lagði fyrir fundinn samning um Skólaskrifstofu Austurlands en endurskoðun A-deildar um skólamál hafði átt sér stað frá hausti. Fundarmenn fóru yfir helstu breytingu samningsins og var hann síðan samþykktur og undirritaður.

4. Önnur mál

Páll Björgvin Guðmundsson sagði í stuttu máli frá sögu og uppbyggingu Franska spítalans þar sem fundurinn fór fram. Í framhaldi af því sagði hann frá vinnu við úttekt á fræðslumálum í Fjarðabyggð þar sem endurskoðunarfyrtækið KPMG er að skoða reksturinn en Ingvar Sigurgeirsson faglega þætti skólastarfs. Haldnir hafa verið m.a. íbúafundir og rætt við alla helstu hagsmuna aðila í skólasamfélaginu. Tilgangur úttektarinnar er að reyna að ná fram hagræðingu án þess að skerða faglegt starf. Tillagna er að vænta á næstunni.

Stefán Bragason sagði frá vinnu við úttekt á starfsemi grunn- og tónlistarskóla á Fljótsdalshéraði. Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri var fengið til að vinna verkefnið. Áætlað er að drögum að skýrslu með hugmyndum til framtíðar, verði skilað um miðjan mars og loka skýrslu með tillögum, fljótlega eftir það. Nokkrar umræður urðu í kjölfarið.

Fundi slitið kl. 15:00

Eftir fundinn fóru fundarmenn og skoðuðu safnið *Fransmenn á Íslandi*.

Fundarritari

Sigurbjörn Marinósson